

6. gr.

Stjórnarfiðir skulu haldnir eftir þörfum. Varamenn hafa rétt til fundarsetu með tillögurétt og málfrelsi. Samþykktir stjórnar eru því aðeins lögmætar, að hún sé fullskipuð. Afl atkvæða ræður úrslitum. Halda skal fundargerðabók. Stjórnin er ólaunuð.

7. gr.

Stjórnin veitir styrki þegar hún telur henta annað hvort samkvæmt umsóknum eða að eigin frumkvæði. Umsóknir skulu vera skriflegar og þeim fylgja ítarleg greinagerð um í hvaða skyni sótt er um styrk. Styrki má veita félagasamtökum, einstaklingum og stofnunum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins gerir árlega reikninga yfir tekjur hans og gjöld. Reikningsárið er almanaksárið. Reikningar skulu lagðir fyrir endurskoðendur eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Endurskoðun skal lokið fyrir 15. mars ár hvert.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvernig hann skuli ávaxtaður.

Samgönguráðuneytið, 29. október 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um aflamark helstu botnfisktegunda 1987.

1. gr.

Með vísan til 1. gr. laga nr. 97 20. desember 1985 um stjórn botnfiskveiða 1986—1987, skulu heimildir til botnfiskveiða við Ísland árið 1987 miðast við eftirgreint aflamark:

1. Þorskur: 330 þús. lestir
2. Ýsa: 60 þús. lestir
3. Ufsi: 70 þús. lestir
4. Karfi: 95 þús. lestir
5. Grálúða: 30 þús. lestir

Ráðherra er heimilt innan ársins að breyta ákvörðun um aflamark samkv. 1. mgr. enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 97 20. des. 1985 um stjórn botnfiskveiða 1986—1987 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.